

Ed.

115. Frumvarp til laga

[104. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd þrjá alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar af völdum olíu.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning frá 29. nóvember 1969 um ihlutun á úthafinu þegar óhöpp koma fyrir sem valda eða geta valdið olíumengun, alþjóðasamning frá 29. nóvember 1969 um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar og alþjóðasamning frá 18. desember 1971 um stofnun alþjóðasjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar. Samningarnir eru prentaðir sem fylgiskjöl með lögum þessum.

2. gr.

Þegar samningarnir hafa öðlast gildi að því er Ísland varðar skulu ákvæði þeirra hafa lagagildi hér á landi.

3. gr.

Ríkisstjórninni er ennfremur heimilt að staðfesta síðar breytingar á samningum þessum. Þegar gildistaka breytinga hefur verið auglýst í Stjórnartíðindum, C-deild, skulu þær hafa lagagildi hér á landi.

4. gr.

Ráðherra siglingamála fer með mál er varða samninga þessa. Siglingamálastjóri skal á vegum ráðherra annast eftirlit með framkvæmd samninganna.

5. gr.

Brot á ákvæðum samninga þessara varða sektum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

A t h u g a s e m d i r v i ð l a g a f r u m v a r p þ e t t a .

Með frumvarpi þessu er leitað heimildar fyrir ríkisstjórnina að staðfesta fyrir Íslands hönd þrjá alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar af völdum olíu. Alþjóðasamningur um ihlutun á úthafinu þegar óhöpp koma fyrir sem valda eða geta valdið olíumengun og alþjóðasamningur um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar voru gerðir í Brussel hinn 29. nóvember 1969. Voru þeir árangur af alþjóðlegri ráðstefnu sem var haldin dagana 10. til 29. nóvember 1969.

Alþjóðasamningur um stofnun alþjóðasjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar var svo í framhaldi af alþjóðasamningnum um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar gerður í Brussel hinn 18. desember 1971, en hann hafði verið undirbúinn á alþjóðlegri ráðstefnu sem þar var haldin dagana 29. nóvember til 18. desember 1971. Báðar þessar ráðstefnur voru haldnar fyrir forgöngu Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMCO).

Alþjóðasamningurinn um íhlutun á úthafinu fjallar um aðgerðir strandríkis vegna skipskaða á úthafinu til varnar gegn olíumengun, ef talið er að skipskaðinn geti valdið tjóni á umhverfi og nytjum innan lögsögu strandríkisins sé ekkert að gert. Samningurinn nær til olíumengunar af völdum hráolíu, brennsluolíu, dísilolíu og smurningsolíu. Strandríki sem grípur til aðgerða samkvæmt samningi þessum skal að jafnaði hafa samráð um aðgerðir við önnur viðkomandi ríki, sérstaklega þó það ríki, sem skipið er frá. Strandríkinu er þó heimilt, þegar í bryna nauðsyn er að ræða, að gera nauðsynlegar ráðstafanir þegar í stað án undanfarandi ráðfærslu. Þá eru í samningnum ákvæði um að öll aðildarríki tilnefni sérfræðinga með ákveðna þekkingu og getur strandríki leitað ráða hjá þeim þegar þörf krefur.

Til að tryggja rétt annarra aðila fyrir óþörfum aðgerðum strandríkisins, ber strandríki sem hefur gert ráðstafanir er brjóta í bága við ákvæði samningsins skylda til að greiða skaðabætur. Ef strandríki og viðkomandi aðili koma sér ekki saman um bætur getur annar hvor aðilinn skotið máli sínu til sáttanefndar eða, ef málið er ekki útkljáð hjá sáttanefnd, þá til gerðardóms.

Viðauki við samninginn fjallar um skipun sáttanefndar og gerðardóms svo og starfsaðferðir þeirra.

Samningur þessi hefur þegar öðlast alþjóðlegt gildi og eru aðilar að honum 31 talsins.

Alþjóðasamningurinn um einkaréttarlega ábyrgð fjallar um ábyrgð skipeiganda ef skip hans veldur olíumengun í umhverfi sjávar. Samningurinn gildir fyrir tankskip sem flytja hráolíu, brennsluolíu, þykka dísilolíu, smurningsolíu og hvallýsi. Fjárhagsleg ábyrgð skipeiganda er bundin við 2000 franka fyrir hverja rúmlest rúmlestatals skipsins, en þó á skipeigandi ekki rétt til að notfæra sér þessa takmörkun ef mengunin er honum sjálfum að kenna. Ábyrgð skipeiganda er hinsvegar engin ef olíumengun verður vegna hernaðaraðgerðar, ófriðar, borgarastyrjaldar, uppreisnar eða náttúruhamfara sem eigi verða umflúnar eða ráðið við. Einnig fellur ábyrgð skipeiganda niður, ef um er að ræða áfall sem þriðji aðili orsakar vísitandi eða ef áfallið má rekja til kæruleysis eða vanrækslu yfirvalda í viðhaldi siglingaljósa og tækja.

Skipum sem flytja meira en 2000 tonn af olíu í farmi skal skylt að hafa váttryggingu eða aðra fjárhagslega tryggingu er svari til þeirrar hámarksábyrgðar er samningurinn kveður á um. Vottorð um að slík trygging sé í gildi skal gefið út fyrir hvert skip og skal vottorðið haft um borð í skipinu. Samningsríki skulu sjá um að slík trygging sé í gildi fyrir skip sem koma eða fara úr þeirra höfnum.

Samningur þessi hefur einnig öðlast alþjóðlegt gildi og eru aðilar að honum 34 talsins.

Alþjóðasamningurinn um stofnun alþjóðasjóðs var gerður í fyrsta lagi með því markmiði að sjóðurinn yrði nokkurs konar baktrygging fyrir tjónþola olíumengunar, þegar þær hámarksbætur sem skipeigendum er gert að greiða samkvæmt samningnum um einkaréttarlega ábyrgð duga ekki til að bæta tjónþola upp það tjón, sem hann hefur orðið fyrir. Í öðru lagi er sjóðnum ætlað að draga að nokkru leyti úr þeirri fjárhagslegu ábyrgð, sem skipeigendum er sett samkvæmt ákvæðum samningsins um einkaréttarlega ábyrgð.

Fjárframlög í sjóðinn greiðast árlega af þeim sem flytja inn meira en 150.000 lestri á ári af gjaldskyldri olíu, eins og hún er skilgreind í samningnum. Svartolía sem flutt er til landsins frá Sovétríkjunum myndi samkvæmt samningnum vera gjaldskyld.

Samningurinn hefur ekki enn öðlast alþjóðlegt gildi samkvæmt 40. gr. hans, en 12 ríki hafa þegar staðfest hann.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ákvæði samninganna skuli hafa lagagildi hér á landi þegar þeir hafi öðlast gildi að því er Ísland varðar (2. gr.). Ennfremur er leitað heimildar fyrir ríkisstjórnina að staðfesta síðari breytingar á samningunum og skuli þær hafa lagagildi hér á landi, þegar þær hafa verið auglýstar í Stjórnartíðindum, C-deild (3. gr.). Grein þessi er til að koma í veg fyrir að leggja þurfi breytingar á samningunum fyrir Alþingi í hvert sinn sem staðfesting er ráðgerð. Ríkisstjórninni ber þó að sjálfsögðu skylda til að leggja fyrir Alþingi breytingar sem hafa í för með sér frávik frá upphaflegum tilgangi samninganna.

Fylgiskjal A.

ALÞJÓÐASAMNINGUR UM ÍHLUTUN Á ÚTHAFINU ÞEGAR ÓHÖPP KOMA FYRIR SEM VALDA, EÐA GETA VALDIÐ, OLÍUMENGUN

Aðildarríkin að þessum samningi,

gera sér grein fyrir þörfinni á að vernda hagsmuni þjóða sinna gegn hinum alvarlegu afleiðingum af óhappi á sjó sem hefur í för með sér hættu á óhreinkun sjávar og stranda af völdum olíu,

eru sannfærð um að undir þeim kringumstæðum gætu ráðstafanir þess eðlis að heyrri til undantekninga verið nauðsynlegar á úthafinu til verndar slíkum hagsmunum, og að þær aðgerðir hafa ekki áhrif á meginregluna um frelsi úthafsins,

og hafa því komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.

1. Aðildarríkin að þessum samningi mega gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að vera á úthafinu til þess að koma í veg fyrir, draga úr eða útiloka alvarlega og yfirvofandi hættu sem ströndum þeirra, eða hagsmunum í því sambandi, stafar af olíumengun, eða hættu á olíumengun sjávar eftir að óhapp hefur komið fyrir á sjó, eða vegna framkvæmda í sambandi við slíkt óhapp, sem ástæða er til að ætla að af muni hljótast meiri háttar vandræði.

2. Þó skal engar ráðstafanir gera samkvæmt þessum samningi gegn nokkru herskipi eða öðru skipi sem ríki á eða rekur og notað er að svo stöddu eingöngu í þjónustu ríkisvalds við störf sem ekki flokkast undir verslunarviðskipti.

INTERNATIONAL CONVENTION RELATING TO INTERVENTION ON THE HIGH SEAS IN CASES OF OIL POLLUTION CASUALTIES

The States Parties to the present Convention,

CONSCIOUS of the need to protect the interests of their peoples against the grave consequences of a maritime casualty resulting in danger of oil pollution of sea and coastlines,

CONVINCED that under these circumstances measures of an exceptional character to protect such interests might be necessary on the high seas and that these measures do not affect the principle of freedom of the high seas,

HAVE AGREED as follows:

Article I

1. Parties to the present Convention may take such measures on the high seas as may be necessary to prevent, mitigate or eliminate grave and imminent danger to their coastline or related interests from pollution or threat of pollution of the sea by oil, following upon a maritime casualty or acts related to such a casualty, which may reasonably be expected to result in major harmful consequences.

2. However, no measures shall be taken under the present Convention against any warship or other ship owned or operated by a State and used, for the time being, only on government non-commercial service.

2. gr.

Í þessum samningi:

1. merkir „óhapp á sjó“ árekstur skipa, strand eða annan siglingaathburð, eða annan viðburð um borð í skipi eða utan þess sem leiðir til verulegs tjóns, eða yfirvofandi hættu á verulegu tjóni, á skipi eða farmi;

2. „skip“ merkir:

- a) sérhvern sjógengan farkost af hvaða tagi sem er, og
- b) sérhvert fljótandi far, að undanteknum útbúnaði eða tæki til afnota við rannsóknir og nýtingu auðlinda sjávarbotnsins og hafsbotsins og undirjarðlaga þeirra;

3. „olía“ merkir hráolíu, brennsluolíu, dísilolíu og smurningsolíu;

4. „hagsmunir í því sambandi“ merkir þá hagsmuni strandríkis sem óhapp á sjó gagnert snertir eða ógnar, svo sem:

- a) starfsemi á sjó með ströndum fram, í höfnum eða við ármynni, þar á meðal fiskveiðar, sem hlutaðeigandi aðilum er ómissandi sér til framdráttar;
 - b) það sem ferðamannastraumur til viðkomandi svæðis byggist á;
 - c) heilsu fólksins sem býr við strendurnar og velfarnað hlutaðeigandi svæðis, þar á meðal verndun lifandi náttúruauðlinda sjávarins, og flóru og fínu;
5. „Stofnunin“ merkir Alþjóðasiglingamálastofnunina.

3. gr.

Þegar strandríki neytir réttar síns til að gera ráðstafanir í samræmi við 1. gr. skulu gilda eftirfarandi ákvæði:

- a) áður en hafist er handa um nokkrar aðgerðir skal strandríki ráðfæra sig við önnur ríki sem óhappið á sjó snertir, einkum við fánarikið eða fánaríkin;
- b) strandríkið skal tafarlaust tilkynna þær aðgerðir sem ráðgerðar eru sérhverjum aðilum, einstaklingum eða lögpersónum, sem strandríkinu er

Article II

For the purposes of the present Convention:

1. “Maritime casualty” means a collision of ships, stranding or other incident of navigation, or other occurrence on board a ship or external to it resulting in material damage or imminent threat of material damage to a ship or cargo;

2. “Ship” means:

- (a) any sea-going vessel of any type whatsoever, and
- (b) any floating craft, with the exception of an installation or device engaged in the exploration and exploitation of the resources of the sea-bed and the ocean floor and the subsoil thereof;

3. “Oil” means crude oil, fuel oil, diesel oil and lubricating oil;

4. “Related interests” means the interests of a coastal State directly affected or threatened by the maritime casualty, such as:

- (a) maritime coastal, port or estuarine activities, including fisheries activities, constituting an essential means of livelihood of the persons concerned;
- (b) tourist attractions of the area concerned;
- (c) the health of the coastal population and the well-being of the area concerned, including conservation of living marine resources and of wildlife;

5. “Organization” means the Inter-Governmental Maritime Consultative Organization.

Article III

When a coastal State is exercising the right to take measures in accordance with Article I, the following provisions shall apply:

- (a) before taking any measures, a coastal State shall proceed to consultations with other States affected by the maritime casualty, particularly with the flag State or States;
- (b) the coastal State shall notify without delay the proposed measures to any persons physical or corporate known to the coastal State, or made known

kunnugt um, eða sem það fær vitn-
eskju um meðan á ráðfærslu stendur,
að hafi hagsmunna að gæta sem ástæða
er til að ætla að þær aðgerðir muni
snerta. Strandríkið skal taka tillit til
allra sjónarmiða sem þeir kunna að
hafa fram að færa;

- c) áður en nokkur ráðstöfun er gerð, er
strandríkinu heimilt að ráðfæra sig
við óháða sérfræðinga og skulu þeir
valdir af lista sem Stofnunin heldur;
- d) þegar um brýna nauðsyn er að ræða
sem krefst þess að ráðstafanir verði
gerðar þegar í stað, er strandríkinu
heimilt að gera þær ráðstafanir sem
hið brýna ástand gerir nauðsynlegar,
án undanfarandi tilkynningar eða ráð-
færslu, ellegar án þess að halda áfram
ráðfærslu sem var þegar hafin;
- e) strandríki skal, áður en slíkar ráð-
stafanir eru gerðar og meðan á þeim
stendur, gera það sem í þess valdi
stendur til að forðast alla hættu á
mannþjófi og til að veita nauðstödd-
um alla þá aðstoð sem þeir kunna að
þarfnast, og eftir atvikum að greiða
fyrir heimsendingu skipshafna og ekki
hindra hana á nokkurn hátt;
- f) ráðstafanir sem hafa verið gerðar
samkvæmt 1. gr. skal tafarlaust til-
kynna viðkomandi ríkjum, og viðkom-
andi einstaklingum og lögpersónum
sem vitað er um, svo og aðalritara
Stofnunarinnar.

4. gr.

1. Undir yfirumsjón Stofnunarinnar
skal gera og færa lista yfir þá sérfræð-
inga sem gert er ráð fyrir í 3. gr. þessa
samnings og Stofnunin skal setja þær
reglur sem nauðsynlegar og viðeigandi
eru í því sambandi og einnig kveða á um
hvaða hæfniskröfur skulu gerðar.

2. Þeim ríkjum sem eru meðlimir Stofn-
unarinnar og aðilar að þessum samningi
er heimilt að tilnefna menn á listann.
Sérfræðingunum skulu greidd laun fyrir
unnin störf, af þeim ríkjum sem til þeirra
leita.

to it during the consultations, to have
interests which can reasonably be
expected to be affected by those mea-
sures. The coastal State shall take
into account any views they may
submit;

- (c) before any measure is taken, the
coastal State may proceed to a con-
sultation with independent experts,
whose names shall be chosen from
a list maintained by the Organiza-
tion;
- (d) in cases of extreme urgency requiring
measures to be taken immediately,
the coastal State may take measures
rendered necessary by the urgency
of the situation, without prior notifi-
cation or consultation or without con-
tinuing consultations already begun;
- (e) a coastal State shall, before taking
such measures and during their
course, use its best endeavours to
avoid any risk to human life, and to
afford persons in distress any assist-
ance of which they may stand in
need, and in appropriate cases to
facilitate the repatriation of ships'
crews, and to raise no obstacle there-
to;
- (f) measures which have been taken in
application of Article I shall be no-
tified without delay to the States and
to the known physical or corporate
persons concerned, as well as to the
Secretary-General of the Organiza-
tion.

Article IV

1. Under the supervision of the Orga-
nization, there shall be set up and main-
tained the list of experts contemplated
by Article III of the present Convention,
and the Organization shall make neces-
sary and appropriate regulations in con-
nexion therewith, including the deter-
mination of the required qualifications.

2. Nominations to the list may be made
by Member States of the Organization
and by Parties to this Convention. The
experts shall be paid on the basis of ser-
vices rendered by the States utilizing
those services.

5. gr.

1. Ráðstafanir sem strandríki gerir í samræmi við 1. gr. skulu vera í hlutfalli við það tjón sem það raunverulega hefur beðið eða yfir því vofir.
2. Slíkar ráðstafanir skulu ekki fara fram úr því sem með sanngirni má telja nauðsynlegt til þess að ná þeim tilgangi sem getur í 1. gr., og þeim skal hætt jafn-skjótt og þeim tilgangi hefur verið náð; þær skulu ekki að nauðsynjalaus ganga á rétt eða hagsmuni fánaríkisins, þriðju ríkja, eða annarra einstaklinga eða lögpersóna sem hlut eiga að máli.
3. Þegar metið er hvort ráðstafanir séu í hlutfalli við tjónið skal taka tillit til:
 - a) yfirgríps yfirvofandi tjóns og líkinda fyrir því, ef ráðstafanirnar væru ekki gerðar; og
 - b) líkindanna til þess að ráðstafanirnar nái tilgangi sínum; og
 - c) yfirgríps þess tjóns sem kann að leiða af slíkum ráðstöfunum.

6. gr.

Sérhverju aðildarríki sem hefur gert ráðstafanir sem brjóta í bág við ákvæði þessa samnings og valdið öðrum tjóni skal gert að greiða skaðabætur sem nemur því tjóni sem hlýst af ráðstöfunum sem fara fram úr því sem með sanngirni má telja nauðsynlegar til þess að ná þeim tilgangi sem greinir í 1. gr.

7. gr.

Nema öðruvísi sé kveðið á berum orðum, skal ekkert í þessum samningi skerða nein réttindi sem að öðru leyti eiga við, skyldu, sérréttindi, eða friðhelgi, eða svipta neitt aðildarríkjanna, eða neinn einstakling eða lögpersónu sem hlut á að máli, neinni úrlausn sem að öðru leyti á við.

8. gr.

1. Öllum ágreiningi milli aðildarríkjanna um það hvort aðgerðir samkvæmt 1. gr. hafi brotið í bág við ákvæði þessa samnings, um það hvort skaðabætur sé skylt að greiða samkvæmt 6. gr., og um upphæð slíkra skaðabóta, skal, ef ekki hafa tekist samningar milli aðildarríkjanna sem í hlut eiga eða ríkisins sem ráðstafanirnar gerði og þeirra sem kröfu

Article V

1. Measures taken by the coastal State in accordance with Article I shall be proportionate to the damage actual or threatened to it.
2. Such measures shall not go beyond what is reasonably necessary to achieve the end mentioned in Article I and shall cease as soon as that end has been achieved; they shall not unnecessarily interfere with the rights and interests of the flag State, third States and of any persons, physical or corporate, concerned.
3. In considering whether the measures are proportionate to the damage, account shall be taken of:
 - (a) the extent and probability of imminent damage if those measures are not taken; and
 - (b) the likelihood of those measures being effective; and
 - (c) the extent of the damage which may be caused by such measures.

Article VI

Any Party which has taken measures in contravention of the provisions of the present Convention causing damage to others, shall be obliged to pay compensation to the extent of the damage caused by measures which exceed those reasonably necessary to achieve the end mentioned in Article I.

Article VII

Except as specifically provided, nothing in the present Convention shall prejudice any otherwise applicable right, duty, privilege or immunity or deprive any of the Parties or any interested physical or corporate person of any remedy otherwise applicable.

Article VIII

1. Any controversy between the Parties as to whether measures taken under Article I were in contravention of the provisions of the present Convention, to whether compensation is obliged to be paid under Article VI, and to the amount of such compensation shall, if settlement by negotiation between the Parties involved or between the Party which took the

gera, einstaklinga eða lögpersóna, og ef aðildarríkin koma sér ekki saman um annað, vísað að beiðni einhvers hlutaðeigandi aðildarríkis til sáttagerðar, eða, ef sáttagerð ber ekki árangur, til gerðardóms, svo sem greinir í viðauka þessa samnings.

2. Aðildarríkið sem ráðstafanirnar gerði skal ekki eiga rétt á að hafna beiðni um sáttagerð eða gerðardóm samkvæmt ákvæðum málsgreinarinnar næst á undan þessari á þeim forsendum einum að ekki hafi verið leitað einhverra úrlausna sem landslög heimila fyrir þess eigin dómstólum.

9. gr.

1. Þennan samning skal heimilt að undirrita þar til 31. desember 1970 og eftir þann tíma skal heimilt að gerast aðili að honum.

2. Ríkjum sem eru meðlimir Sameinuðu þjóðanna, eða einhverrar sérstofnanna, eða Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar, eða aðilar að samþykkt Alþjóðadómstólsins, er heimilt að gerast aðilar að þessum samningi með:

- a) undirritun án fyrirvara um fullgilding, staðfestingu, eða samþykki;
- b) undirritun með fyrirvara um fullgilding, staðfestingu, eða samþykki, sem á eftir fer fullgilding, staðfesting, eða samþykki, eða
- c) afhendingu aðildarskjals.

10. gr.

1. Fullgilding, staðfesting, samþykki eða aðild skal fara fram með afhendingu formlegs skjals þar um í vörslu aðalritarar Stofnunarinnar.

2. Sérhvert skjal um fullgilding, staðfestingu, samþykki eða aðild sem afhent er eftir að breyting á þessum samningi tekur gildi að því er varðar öll þau ríki sem þegar eru aðilar, ellegar eftir að lokið er öllum ráðstöfunum sem gera þarf vegna gildistöku breytingarinnar að því er þau aðildarríki varðar, skal teljast taka til samningsins eins og hann er með áorðinni breytingu.

measures and the physical or corporate claimants has not been possible, and if the Parties do not otherwise agree, be submitted upon request of any of the Parties concerned to conciliation or, if conciliation does not succeed, to arbitration, as set out in the Annex to the present Convention.

2. The Party which took the measures shall not be entitled to refuse a request for conciliation or arbitration under provisions of the preceding paragraph solely on the grounds that any remedies under municipal law in its own courts have not been exhausted.

Article IX

1. The present Convention shall remain open for signature until 31 December 1970 and shall thereafter remain open for accession.

2. States Members of the United Nations or any of the Specialized Agencies or of the International Atomic Energy Agency or Parties to the Statute of the International Court of Justice may become Parties to this Convention by:

- (a) signature without reservation as to ratification, acceptance or approval;
- (b) signature subject to ratification, acceptance or approval followed by ratification, acceptance or approval;
- or
- (c) accession.

Article X

1. Ratification, acceptance, approval or accession shall be effected by the deposit of a formal instrument to that effect with the Secretary-General of the Organization.

2. Any instrument of ratification, acceptance, approval or accession deposited after the entry into force of an amendment to the present Convention with respect to all existing Parties or after the completion of all measures required for the entry into force of the amendment with respect to those Parties shall be deemed to apply to the Convention as modified by the amendment.

11. gr.

1. Þessi samningur skal ganga í gildi á níutugasta degi eftir þann dag er ríkisstjórnir fimmtán ríkja hafa annaðhvort undirritað hann án fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu, eða samþykki, eða hafa afhent skjöl um fullgildingu, staðfestingu, samþykki, eða aðild í vörslu aðalritara Stofnunarinnar.

2. Að því er varðar hvert ríki sem síðar fullgildir, staðfestir, samþykkir, eða gerist aðili að þessum samningi, skal hann ganga í gildi á níutugasta degi eftir að það ríki afhendir viðeigandi skjal til varðveislu.

12. gr.

1. Þessum samningi getur sérhvert aðildarríki sagt upp hvenær sem er eftir þann dag er samningurinn gengur í gildi fyrir viðkomandi ríki.

2. Uppsögn skal tilkynna með því að leggja inn skjal þar um til aðalritara Stofnunarinnar.

3. Uppsögn skal taka gildi einu ári, eða eftir slíkan tíma lengri sem tiltekinn kann að vera í uppsagnarskjalinu, eftir að hún er lögð inn til aðalritara Stofnunarinnar.

13. gr.

1. Sameinuðu þjóðirnar skulu, þegar þær eru stjórnvald yfir einhverju landsvæði, eða sérhvert aðildarríki að þessum samningi sem ábyrgt er fyrir millríkjaviðskiptum einhvers landsvæðis, eins fljótt og auðið er, ráðgast við hlutaðeigandi yfirvöld slíkra landsvæða, eða gera þær ráðstafanir aðrar sem viðeigandi kunna að vera til þess að koma því til leiðar að þessi samningur taki einnig til þess landsvæðis, og þeim er heimilt hvenær sem er að lýsa yfir, með skriflegri tilkynningu til aðalritara Stofnunarinnar, að þessi samningur skuli ná til slíks landsvæðis.

2. Þessi samningur skal ná til þess landsvæðis sem getur í tilkynningunni frá móttökudegi hennar, eða frá þeim degi öðrum sem tiltekinn kann að vera í tilkynningunni.

3. Sameinuðu þjóðirnar, ellegar sérhvert aðildarríki sem hefur gefið yfir-

Article XI

1. The present Convention shall enter into force on the ninetieth day following the date on which Governments of fifteen States have either signed it without reservation as to ratification, acceptance or approval or have deposited instruments of ratification, acceptance, approval or accession with the Secretary-General of the Organization.

2. For each State which subsequently ratifies, accepts, approves or accedes to it the present Convention shall come into force on the ninetieth day after deposit by such State of the appropriate instrument.

Article XII

1. The present Convention may be denounced by any Party at any time after the date on which the Convention comes into force for that State.

2. Denunciation shall be effected by the deposit of an instrument with the Secretary-General of the Organization.

3. A denunciation shall take effect one year, or such longer period as may be specified in the instrument of denunciation, after its deposit with the Secretary-General of the Organization.

Article XIII

1. The United Nations where it is the administering authority for a territory, or any State Party to the present Convention responsible for the international relations of a territory, shall as soon as possible consult with the appropriate authorities of such territories or take such other measures as may be appropriate, in order to extend the present Convention to that territory and may at any time by notification in writing to the Secretary-General of the Organization declare that the present Convention shall extend to such territory.

2. The present Convention shall, from the date of receipt of the notification or from such other date as may be specified in the notification, extend to the territory named therein.

3. The United Nations, or any Party which has made a declaration under para-

lýsingu samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar, mega, hvenær sem er eftir þann dag er samningurinn hefur þannig verið látinn ná til einhvers landsvæðis, lýsa yfir með skriflegri tilkynningu til aðalritara Stofnunarinnar að þessi samningur skuli ekki lengur ná til einhvers þess landsvæðis sem tilgreint er í tilkynningunni.

4. Þessi samningur skal þá ekki lengur ná til hvers þess landsvæðis sem nefnt er í slíkri tilkynningu er liðið er eitt ár, eða slíkur tími lengri sem tiltekinn kann að vera í tilkynningunni, frá þeim degi er tilkynningin berst aðalritara Stofnunarinnar.

14. gr.

1. Stofnunin má boða til ráðstefnu í þeim tilgangi að endurskoða eða breyta þessum samningi.

2. Stofnunin skal boða til ráðstefnu aðildarríkjanna að þessum samningi í því skyni að endurskoða eða breyta þessum samningi, ef þess er beiðst af eigi færri en einum þriðja hluta aðildarríkjanna.

15. gr.

1. Þessi samningur skal fenginn aðalritara Stofnunarinnar til varðveislu.

2. Aðalritari Stofnunarinnar skal:

- a) tilkynna öllum ríkjum sem hafa undirritað eða gerst aðilar að þessum samningi
 - i) hverja nýja undirritun, eða afhendingu skjals, og dagsetningardag hennar;
 - ii) afhendingu sérhvers skjals um uppsögn á þessum samningi ásamt dagsetningardegi afhendingar;
 - iii) ef þessi samningur hefur einnig verið látinn taka til einhvers landsvæðis samkvæmt 1. mgr. 13. gr., og þegar einhver slík útfærsla er felld úr gildi samkvæmt ákvæðum 4. mgr. þeirrar greinar, og tilgreina í báðum tilvikum þann dag er mörk þessa samnings hafa verið, ellegar hætta að vera, þannig víkkuð;

graph 1 of this Article may at any time after the date on which the Convention has been so extended to any territory declare by notification in writing to the Secretary-General of the Organization that the present Convention shall cease to extend to any such territory named in the notification.

4. The present Convention shall cease to extend to any territory mentioned in such notification one year, or such longer period as may be specified therein, after the date of receipt of the notification by the Secretary-General of the Organization.

Article XIV

1. A Conference for the purpose of revising or amending the present Convention may be convened by the Organization.

2. The Organization shall convene a Conference of the States Parties to the present Convention for revising or amending the present Convention at the request of not less than one-third of the Parties.

Article XV

1. The present Convention shall be deposited with the Secretary-General of the Organization.

2. The Secretary-General of the Organization shall:

- (a) inform all States which have signed or acceded to the Convention of:
 - (i) each new signature or deposit of instrument together with the date thereof;
 - (ii) the deposit of any instrument of denunciation of this Convention together with the date of the deposit;
 - (iii) the extension of the present Convention to any territory under paragraph 1 of Article XIII and of the termination of any such extension under the provisions of paragraph 4 of that Article stating in each case the date on which the present Convention has been or will cease to be so extended;

b) senda staðfest rétt eftirrit af þessum samningi öllum ríkjum sem undirritað hafa þennan samning og öllum ríkjum sem gerast aðilar að samningnum.

16. gr.

Jafnskjótt og þessi samningur gengur í gildi skal aðalritari Stofnunarinnar senda texta hans til skrifstofu Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar og birtingar í samræmi við 102. gr. stofnskrár Sameinuðu þjóðanna.

17. gr.

Þessi samningur er gerður í einu eintaki á ensku og frönsku og eru báðir textar jafngildir. Lögmætar þýðingar á rússnesku og spænsku skulu gerðar og varðveittar ásamt með hinu undirritaða frumriti.

Þessu til staðfestingar hafa undirritaðir sem til þess hafa fullt umboð hver frá sinni ríkisstjórn undirritað þennan samning.

Gert í Brussel hinn tuttugasta og níunda dag nóvembermánaðar 1969.

VIÐAUKI

I. KAFLI. SÁTTAGERÐ

1. gr.

Ef hlutaðeigandi aðilar ákveða ekki annað, skal sáttagerð hagað í samræmi við þær reglur sem greinir í þessum kafla.

2. gr.

1. Sáttanefnd skal skipuð að tilmælum eins aðila til annars samkvæmt 8. gr. sammingsins.

2. Beiðni um sáttagerð sem aðili leggur fram skal byggð á greinargerð um málið ásamt með öllum málgögnum.

3. Ef til málsmeðferðar hefur verið stofnað milli tveggja aðila, er sérhverjum öðrum aðila hvers þegnar eða eignir hafa orðið fyrir afleiðingum af hinum sömu ráðstöfunum, eða sem er strandríki sem hefur gert sams konar ráðstafanir, heimilt að gerast aðili að sáttagerð.

(b) transmit certified true copies of the present Convention to all Signatory States and to all States which accede to the present Convention.

Article XVI

As soon as the present Convention comes into force, the text shall be transmitted by the Secretary-General of the Organization to the Secretariat of the United Nations for registration and publication in accordance with Article 102 of the Charter of the United Nations.

Article XVII

The present Convention is established in a single copy in the English and French languages, both texts being equally authentic. Official translations in the Russian and Spanish languages shall be prepared and deposited with the signed original.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned being duly authorized by their respective Governments for that purpose have signed the present Convention.

DONE at Brussels this twenty-ninth day of November 1969.

ANNEX

CHAPTER I. CONCILIATION

Article 1

Provided the Parties concerned do not decide otherwise, the procedure for conciliation shall be in accordance with the rules set out in this Chapter.

Article 2

1. A Conciliation Commission shall be established upon the request of one Party addressed to another in application of Article VIII of the Convention.

2. The request for conciliation submitted by a Party shall consist of a statement of the case together with any supporting documents.

3. If a procedure has been initiated between two Parties, any other Party the nationals or property of which have been affected by the same measures, or which is a coastal State having taken similar measures, may join in the conciliation procedure by giving written notice to the

inni með skriflegri tilkynningu til þeirra aðila sem upphaf áttu að málsmeðferðinni, enda hafi hvorugur hinna síðarnefndu aðila mótmælt slíkri aðild.

3. gr.

1. Sáttanefndin skal skipuð þrem mönnum: einum tilnefndum af strandríkinu sem ráðstafanirnar gerði, einum tilnefndum af ríkinu hvers þegnar eða eignir hafa orðið fyrir afleiðingum af ráðstöfunum, og hinum þriðja, sem skal vera formaður nefndarinnar og tilnefnast samkvæmt samkomulagi milli upphaflegra meðlimanna tveggja.

2. Sáttanefndarmenn skulu valdir af lista gerðum fyrir fram með þeim hætti sem greinir í 4. gr. hér á eftir.

3. Ef aðilinn sem slíkum tilmælum er beint til hefur ekki tilkynnt, innan 60 daga frá því beiðni um sáttagerð er móttækin, hinum aðilanum að ágreiningnum um útnefningu sáttanefndarmanns sem honum ber að tilnefna, ellegar ef, innan 30 daga frá tilnefningu þess hins annars meðlims sáttanefndarinnar sem aðilunum ber að útnefna, hinir tveir fyrstu sáttanefndarmenn hafa ekki getað orðið ásáttir um útnefningu formanns nefndarinnar, skal aðalritari Stofnunarinnar, að tilmælum annars hvors aðilanna og innan 30 daga, annast hina tilskildu útnefningu. Meðlimir sáttanefndarinnar sem þannig eru tilnefndir skulu valdir af listanum sem ákvæði eru um í málsgreininni hér á undan.

4. Formaður nefndarinnar skal í engu tilviki vera eða hafa verið þegn eins hinna upphaflegra aðila að málsmeðferðinni.

4. gr.

1. Á listanum sem mælt er fyrir um í 3. gr. skulu vera hæfir menn tilnefndir af aðilunum og Stofnunin skal halda honum réttum á hverjum tíma. Hver aðili má tilnefna fjóra menn á listann sem ekki nauðsynlega þurfa að vera þegnar hans. Tilnefningar skulu vera til sex ára hverju sinni og þær skal vera heimilt að endurnýja.

Parties which have originally initiated the procedure unless either of the latter Parties object to such joinder.

Article 3

1. The Conciliation Commission shall be composed of three members: one nominated by the coastal State which took the measures, one nominated by the State the nationals or property of which have been affected by those measures and a third, who shall preside over the Commission and shall be nominated by agreement between the two original members.

2. The Conciliators shall be selected from a list previously drawn up in accordance with the procedure set out in Article 4 below.

3. If within a period of 60 days from the date of receipt of the request for conciliation, the Party to which such request is made has not given notice to the other Party to the controversy of the nomination of the Conciliator for whose selection it is responsible, or if, within a period of 30 days from the date of nomination of the second of the members of the Commission to be designated by the Parties, the first two Conciliators have not been able to designate by common agreement the Chairmen of the Commission, the Secretary-General of the Organization shall upon request of either Party and within a period of 30 days, proceed to the required nomination. The members of the Commission thus nominated shall be selected from the list prescribed in the preceding paragraph.

4. In no case shall the Chairman of the Commission be or have been a national of one of the original Parties to the procedure, whatever the method of his nomination.

Article 4

1. The list prescribed in Article 3 above shall consist of qualified persons designated by the Parties and shall be kept up to date by the Organization. Each Party may designate for inclusion on the list four persons, who shall not necessarily be its nationals. The nominations shall be for periods of six years each and shall be renewable.

2. Nú deyr maður sem er á listanum, eða segir af sér, og skal þá þeim aðila sem þann mann tilnefndi leyft að tilnefna mann sem komi í hans stað þann tíma sem eftir er af kjörtímabilinu.

5. gr.

1. Ef aðilar gera ekki samkomulag um annað, skal sáttanefndin setja sér eigin starfsreglur, sem skulu í öllum tilvikum veita aðilum jafna aðstöðu til málflutnings fyrir nefndinni. Að því er varðar rannsókn skal nefndin, nema hún sé sam-mála um aðra ákvörðun, fara eftir ákvæð-um 3. kafla Haag-samningsins um frið-samlega lausn alþjóðadeilumála frá 18. október 1907.

2. Aðilar skulu hafa málsvara fyrir sáttanefndinni og þeim skal falið að annast milligöngu milli aðilanna og nefndarinnar. Hver aðili má einnig leita aðstoðar ráðunauta og sérfræðinga sem hann tilnefnir í því skyni, og má mælast til þess að allir þeir sem aðilinn telur gagnlegt að leiða fram sem vitni fái að mæta fyrir sáttanefndinni.

3. Nefndin skal hafa rétt til þess að krefjast skýringa af málsvörum, ráðunautum, og sérfræðingum aðilanna og einnig af sérhverjum þeim, með samþykki stjórnarvalda þeirra, sem nefndin kann að telja gagnlegt að kalla fyrir sig.

6. gr.

Ef aðilar gera ekki samkomulag um annað, skulu ákvarðanir sáttanefndarinnar gerðar með meiri hluta greiddra atkvæða og nefndin skal ekki tjá sig um efnisatriði ágreiningsins nema allir meðlimir hennar séu viðstaddir.

7. gr.

Aðilar skulu auðvelda störf sáttanefndarinnar og einkum í samræmi við sína löggjöf, með öllum tiltækum ráðum:

- a) sjá nefndinni fyrir nauðsynlegum skjölum og upplýsingum;
- b) gera nefndinni mögulegt að fara inn á sín landsvæði til þess að hlýða á framburð vitna eða sérfræðinga og til þess að fara á vettvang.

2. In the case of the decease or resignation of a person whose name appears on the list, the Party which nominated such person shall be permitted to nominate a replacement for the remainder of the term of office.

Article 5

1. Provided the Parties do not agree otherwise, the Conciliation Commission shall establish its own procedures, which shall in all cases permit a fair hearing. As regards examination, the Commission, unless it unanimously decides otherwise, shall conform with the provisions of Chapter III of The Hague Convention for the Peaceful Settlement of International Disputes of 18 October 1907.

2. The Parties shall be represented before the Conciliation Commission by agents whose duty shall be to act as intermediaries between the Parties and the Commission. Each of the Parties may seek also the assistance of advisers and experts nominated by it for this purpose and may request the hearing of all persons whose evidence the Party considers useful.

3. The Commission shall have the right to request explanations from agents, advisers and experts of the Parties as well as from any persons whom, with the consent of their Governments, it may deem useful to call.

Article 6

Provided the Parties do not agree otherwise, decisions of the Conciliation Commission shall be taken by a majority vote and the Commission shall not pronounce on the substance of the controversy unless all its members are present.

Article 7

The Parties shall facilitate the work of the Conciliation Commission and in particular, in accordance with their legislation, and using all means at their disposal:

- (a) provide the Commission with the necessary documents and information;
- (b) enable the Commission to enter their territory, to hear witnesses or experts, and to visit the scene.

8. gr.

Hlutverk sáttanefndarinnar verður það að upplýsa þau málsatriði sem um er deilt, að safna í þeim tilgangi öllum þeim upplýsingum sem málið varða með rannsókn eða með öðrum hætti og leitast við að sætta málsaðilana. Nefndin skal, eftir að hafa rannsakað málið, greina aðilum frá tillögu sem nefndin álitur hæfa málinu og hún skal ákveða frest eigi lengri en 90 daga og fara fram á það við aðila að þeir segi til um, áður en sá frestur rennur út, hvort þeir fallist á tillöguna eða ekki.

9. gr.

Tillögunni skal fylgja greinargerð. Ef tillagan er ekki að öllu eða einhverju leyti samdóma álit nefndarinnar, skal hver sáttamaður eiga rétt á að skila séráliti.

10. gr.

Sáttagerð skal talin árangurslaus hafi, 90 dögum eftir að aðilum hefur verið tilkynnt tillagan, annar hvor aðilinn ekki tilkynnt hinum aðilanum að hann fallist á tillöguna. Sáttagerð skal einnig teljast árangurslaus, hafi sáttanefndin ekki verið stofnuð innan þeirra tímabila sem tiltekin eru í 3. mgr. 3. gr. hér á undan, eða, ef aðilar hafa ekki gert samkomulag um annað, hafi sáttanefndin ekki sent frá sér sína tillögu innan eins árs frá þeim degi er formaður sáttanefndarinnar var tilnefndur.

11. gr.

1. Hver meðlimur nefndarinnar skal fá þóknun fyrir sitt starf og skal þóknunarupphæðin ákveðin með samkomulagi milli málsaðila og skal hver þeirra leggja fram jafnan hluta.
2. Framlög vegna ýmissa útgjalda sem starf nefndarinnar hefur í för með sér skulu skiptast á sama hátt.

12. gr.

Aðilum að ágreiningnum er heimilt hvenær sem er á meðan á sáttagerð stend-

Article 8

The task of the Conciliation Commission will be to clarify the matters under dispute, to assemble for this purpose all relevant information by means of examination or other means, and to endeavour to reconcile the Parties. After examining the case, the Commission shall communicate to the Parties a recommendation which appears to the Commission to be appropriate to the matter and shall fix a period of not more than 90 days within which the Parties are called upon to state whether or not they accept the recommendation.

Article 9

The recommendation shall be accompanied by a statement of reasons. If the recommendation does not represent in whole or in part the unanimous opinion of the Commission, any Conciliator shall be entitled to deliver a separate opinion.

Article 10

A conciliation shall be deemed unsuccessful if, 90 days after the Parties have been notified of the recommendation, either Party shall not have notified the other Party of its acceptance of the recommendation. Conciliation shall likewise be deemed unsuccessful if the Commission shall not have been established within the period prescribed in the third paragraph of Article 3 above, or provided the Parties have not agreed otherwise, if the Commission shall not have issued its recommendation within one year from the date on which the Chairman of the Commission was nominated.

Article 11

1. Each member of the Commission shall receive remuneration for his work, such remuneration to be fixed by agreement between the Parties which shall each contribute an equal proportion.
2. Contributions for miscellaneous expenditure incurred by the work of the Commission shall be apportioned in the same manner.

Article 12

The parties to the controversy may at any time during the conciliation pro-

ur að ákveða í sameiningu að setja niður deilur með öðrum hætti.

II. KAFLI. GERÐARDÓMUR

13. gr.

1. Ef aðilar gera ekki samkomulag um annað, skal gerð fara fram samkvæmt þeim reglum sem greinir í þessum kafla.

2. Þegar sáttagerð er árangurslaus er ekki heimilt að beiðast gerðardóms nema það sé gert innan 180 daga frá þeim tíma er sáttagerð reyndist árangurslaus.

14. gr.

Gerðardómurinn skal skipaður þrem mönnum: einum gerðardómsmanni tilnefndum af strandríkinu sem gerði ráðstafanirnar, einum tilnefndum af ríkinu hvers þegnar eða eignir hafa orðið fyrir afleiðingum af þeim ráðstöfunum, og einum öðrum tilnefndum með samkomulagi milli hinna tveggja fyrirnefndu, og skal hann vera forseti gerðardómsins.

15. gr.

1. Hafi forseti dómsins ekki verið tilnefndur er liðnir eru 60 dagar frá því að sá hinn annar gerðardómsmaður var tilnefndur, skal aðalritari Stofnunarinnar að tilmælum annars hvors aðilans áður en liðnir eru aðrir 60 dagar annast slíka tilnefningu og velja af lista hæfra manna sem gerður er fyrir fram samkvæmt ákvæðum 4. gr. hér að framan. Sá listi skal vera aðskilinn frá listanum yfir sérfræðinga sem mælt er fyrir um í 4. gr. samningsins og frá listanum yfir sáttamenn sem kveðið er á um í 4. gr. þessa viðauka. Þó má nafn sama manns vera bæði á listanum yfir sáttamenn og á listanum yfir gerðardómsmenn. Þann sem gegnt hefur starfi sáttanefndarmanns í deilumáli má hins vegar ekki velja til þess að gegna starfi gerðardómsmanns í sama máli.

2. Hafi annar aðilanna ekki tilnefnt þann meðlim dómsins sem honum ber að tilnefna áður en liðnir eru 60 dagar frá móttökudegi beiðninnar, má hinn að-

cedure decide in agreement to have recourse to a different procedure for settlement of disputes.

CHAPTER II. ARBITRATION

Article 13

1. Arbitration procedure, unless the Parties decide otherwise, shall be in accordance with the rules set out in this Chapter.

2. Where conciliation is unsuccessful, a request for arbitration may only be made within a period of 180 days following the failure of conciliation.

Article 14

1. Fullgilding, staðfesting, samþykki eða aðild skal fara fram með afhendingu formlegs skjals þar um í vörslu aðalritara Stofnunarinnar.

2. Sérhvert skjal um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild sem afhent er eftir að breyting á þessum samningi tekur gildi að því er varðar öll þau ríki sem þegar eru samningsríki, ellegar eftir að lokið er öllum ráðstöfunum sem gera þarf vegna gildistöku breytingarinnar að því er þau samningsríki varðar, skal teljast taka til samningsins eins og hann er með áorðinni breytingu.

15. gr.

1. Þessi samningur skal ganga í gildi á nitugasta degi eftir þann dag er ríkisstjórnir átta ríkja, þar á meðal fimm ríki með eigi minna en 1.000.000 brúttórúmllestir oliuflutningaskipa, hafa annaðhvort undirritað hann án fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu, eða samþykki, eða hafa afhent skjöl um fullgildingu, staðfestingu, samþykki, eða aðild í vörslu aðalritara Stofnunarinnar.

2. Að því er varðar hvert ríki sem síðar fullgildir, staðfestir, samþykkir, eða gerist aðili að þessum samningi, skal hann ganga í gildi á nitugasta degi eftir að það ríki afhendir viðeigandi skjal til varðveislu.

16. gr.

1. Þessum samningi getur sérhvert samningsríki sagt upp hvenær sem er eftir þann dag er samningurinn gengur í gildi fyrir viðkomandi ríki.

2. Uppsögn skal tilkynna með því að leggja inn skjal þar um til aðalritara Stofnunarinnar.

3. Uppsögn skal taka gildi einu ári, eða eftir slíkan tíma lengri sem tiltekinn kann að vera í uppsagnarskjalinu, eftir að hún er lögð inn til aðalritara Stofnunarinnar.

17. gr.

1. Sameinuðu þjóðirnar skulu, þegar þær eru stjórnvald yfir einhverju land-

Article XIV

1. Ratification, acceptance, approval or accession shall be effected by the deposit of a formal instrument to that effect with the Secretary-General of the Organization.

2. Any instrument of ratification, acceptance, approval or accession deposited after the entry into force of an amendment to the present Convention with respect to all existing Contracting States, or after the completion of all measures required for the entry into force of the amendment with respect to those Contracting States shall be deemed to apply to the Convention as modified by the amendment.

Article XV

1. The present Convention shall enter into force on the ninetieth day following the date on which Governments of eight States including five States each with not less than 1,000,000 gross tons of tanker tonnage have either signed it without reservation as to ratification, acceptance or approval or have deposited instruments of ratification, acceptance, approval or accession with the Secretary-General of the Organization.

2. For each State which subsequently ratifies, accepts, approves or accedes to it the present Convention shall come into force on the ninetieth day after deposit by such State of the appropriate instrument.

Article XVI

1. The present Convention may be denounced by any Contracting State at any time after the date on which the Convention comes into force for that State.

2. Denunciation shall be effected by the deposit of an instrument with the Secretary-General of the Organization.

3. A denunciation shall take effect one year, or such longer period as may be specified in the instrument of denunciation, after its deposit with the Secretary-General of the Organization.

Article XVII

1. The United Nations, where it is the administering authority for a territory,

svæði, eða sérhvert samningsríki sem ábyrgt er fyrir milliríkjavíðskiptum einhvers landsvæðis, eins fljótt og auðið er ráðgast við hlutaðeigandi yfirvöld slíks landsvæðis eða gera þær ráðstafanir aðrar sem viðeigandi kunna að vera til þess að koma því til leiðar að þessi samningur taki einnig til þess landsvæðis og er heimilt hvenær sem er að lýsa yfir, með skriflegri tilkynningu til aðalritara Stofnunarinnar, að þessi samningur skuli ná til slíks landsvæðis.

2. Þessi samningur skal ná til þess landsvæðis sem getur í tilkynningunni frá móttökudegi hennar, eða frá þeim degi öðrum sem tiltekinn kann að vera í tilkynningunni.

3. Sameinuðu þjóðirnar ellegar sérhvert samningsríki sem hefur gefið yfirlýsingu samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar mega, hvenær sem er eftir þann dag er samningurinn hefur þannig verið látinn ná til einhvers landsvæðis, lýsa yfir með skriflegri tilkynningu til aðalritara Stofnunarinnar að þessi samningur skuli ekki lengur ná til einhvers þess landsvæðis sem tilgreint er í tilkynningunni.

4. Þessi samningur skal þá ekki lengur ná til hvers þess landsvæðis sem nefnt er í slíkri tilkynningu er liðið er eitt ár, eða slíkur tími lengri sem tiltekinn kann að vera í tilkynningunni, frá þeim degi er tilkynningin berst aðalritara Stofnunarinnar.

18. gr.

1. Stofnunin má boða til ráðstefnu í þeim tilgangi að endurskoða eða breyta þessum samningi.

2. Stofnunin skal boða til ráðstefnu samningsríkjanna í því skyni að endurskoða eða breyta þessum samningi, ef þess er beiðst af eigi færri en einum þriðja hluta samningsríkjanna.

19. gr.

1. Þessi samningur skal fenginn aðalritara Stofnunarinnar til varðveislu.

2. Aðalritari Stofnunarinnar skal:

or any Contracting State responsible for the international relations of a territory, shall as soon possible consult with the appropriate authorities of such territory or take such other measures as may be appropriate, in order to extend the present Convention to that territory and may at any time by notification in writing to the Secretary-General of the Organization declare that the present Convention shall extend to such territory.

2. The present Convention shall, from the date of receipt of the notification or from such other date as may be specified in the notification, extend to the territory named therein.

3. The United Nations, or any Contracting State which has made a declaration under paragraph 1 of this Article may at any time after the date on which the Convention has been so extended to any territory declare by notification in writing to the Secretary-General of the Organization that the present Convention shall cease to extend to any such territory named in the notification.

4. The present Convention shall cease to extend to any territory mentioned in such notification one year, or such longer period as may be specified therein, after the date of receipt of the notification by the Secretary-General of the Organization.

Article XVIII

1. A Conference for the purpose of revising or amending the present Convention may be convened by the Organization.

2. The Organization shall convene a Conference of the Contracting States for revising or amending the present Convention at the request of not less than one-third of the Contracting States.

Article XIX

1. The present Convention shall be deposited with the Secretary-General of the Organization.

2. The Secretary-General of the Organization shall:

- a) tilkynna öllum ríkjum sem hafa undirritað eða gerst aðilar að þessum samningi
- i) hverja nýja undirritun, eða afhendingu skjals, og dagsetningar-dag hennar;
 - ii) afhendingu sérhvers skjals um uppsögn á þessum samningi ásamt dagsetningardegi afhendingar;
 - iii) ef þessi samningur hefur einnig verið látinn taka til einhvers landsvæðis samkvæmt 1. mgr. 17. gr., og þegar einhver slík útfærsla er felld úr gildi samkvæmt ákvæðum 4. mgr. þeirrar greinar, og tilgreina í báðum tilvikum þann dag er mörk þessa samnings hafa verið, ellegar hætta að vera, þannig vikkuð;
- b) senda staðfest rétt eftirrit af þessum samningi öllum ríkjum sem undirritað hafa þennan samning og öllum ríkjum sem gerast aðilar að samningnum.
- (a) inform all States which have signed or acceded to the Convention of:
- (i) each new signature or deposit of instrument together with the date thereof;
 - (ii) the deposit of any instrument of denunciation of this Convention together with the date of the deposit;
 - (iii) the extension of the present Convention to any territory under paragraph 1 of Article XVII and of the termination of any such extension under the provisions of paragraph 4 of that Article stating in each case the date on which the present Convention has been or will cease to be so extended;
- (b) transmit certified true copies of the present Convention to all Signatory States and to all States which accede to the present Convention.

20. gr.

Jafnskjótt og þessi samningur gengur í gildi skal aðalritari Stofnunarinnar senda texta hans til skrifstofu Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar og birtingar í samræmi við 102. gr. stofnskrár Sameinuðu þjóðanna.

21. gr.

Þessi samningur er gerður í einu eintaki á ensku og frönsku og eru báðir textar jafngildir. Lögættar þýðingar á rússnesku og spænsku skulu gerðar og varðveittar ásamt með hinu undirritaða frumriti.

Þessu til staðfestingar hafa undirritaðir sem til þess hafa fullt umboð hver frá sinni ríkisstjórn undirritað þennan samning.

Gert í Brussel hinn tuttugasta og níunda dag nóvembermánaðar 1969.

Article XX

As soon as the present Convention comes into force, the text shall be transmitted by the Secretary-General of the Organization to the Secretariat of the United Nations for registration and publication in accordance with Article 102 of the Charter of the United Nations.

Article XXI

The present Convention is established in a single copy in the English and French languages, both texts being equally authentic. Official translations in the Russian and Spanish languages shall be prepared and deposited with the signed original.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned being duly authorized by their respective Governments for that purpose have signed the present Convention.

DONE at Brussels this twenty-ninth day of November 1969.

VIÐAUKI

**VOTTORÐ UM VÁTRYGGINGU EÐA AÐRA FJÁRHAGSLEGA
TRYGGINGU VEGNA EINKARÉTTARLEGRAR ÁBYRGÐAR Á
TJÓNI AF VÖLDUM OLÍUMENGUNAR**

Gefið út í samræmi við ákvæði 7. gr. alþjóðasamningsins um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar, 1969.

Nafn skipsins	Einkennistala eða bókstafir	Skráningarhöfn	Nafn og heimilisfang eiganda

Hér með staðfestist að í gildi er vegna ofangreinds skips vátryggingarskirteini eða önnur fjárhagsleg trygging sem fullnægir kröfum 7. gr. alþjóðasamningsins um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar, 1969.

Tegund tryggingar

Gildistími tryggingar

Nafn og heimilisfang vátryggjanda/vátryggjenda og/eða ábyrgðarmanns/manna

Nafn

Heimilisfang

Vottorð þetta gildir til

Gefið út eða staðfest af ríkisstjórn

(Fullt heiti ríkisins)

.....
(Staður)

.....
(Dagsetning)

Undirskrift og embættisheiti þess
sem gefur út eða staðfestir.

Skýringar:

1. Ef þess er óskað, má ásamt með heiti ríkisins tilgreina hið réttbæra, opinbera yfirvald landsins þar sem vottorðið er gefið út.
2. Ef heildarupphæð tryggingarinnar er fengin frá fleiri stöðum en einum, ætti að tilgreina upphæð frá hverjum stað fyrir sig.
3. Ef trygging er sett í mismunandi formi, ætti að telja upp þau form tryggingar.
4. Færslan undir „gildistími tryggingar“ verður að tilgreina daginn sem tryggingin tekur gildi.

Fylgiskjal C.

**ÁLYKTUN UM ALÞJÓÐASAMVINNU
VARÐANDI ÖNNUR MENGUNAREFNI
EN OLÍU**

Ríki þau sem fulltrúa áttu á ráðstefnunni,

um leið og þau samþykkja alþjóðasamninginn um íhlutun á úthafinu þegar

**RESOLUTION ON INTERNATIONAL
CO-OPERATION CONCERNING
POLLUTANTS OTHER THAN OIL**

The States represented at the Conference,

IN ADOPTING the International Convention Relating to Intervention on the

ANNEX

**CERTIFICATE OF INSURANCE OR OTHER FINANCIAL SECURITY
IN RESPECT OF CIVIL LIABILITY FOR OIL POLLUTION DAMAGE**

Issued in accordance with the provisions of Article VII of the International Convention on Civil Liability for Oil Pollution Damage, 1969.

Name of ship	Distinctive Number or Letters	Port of Registry	Name and Address of Owner

This is to certify that there is in force in respect of the above-named ship a policy of insurance or other financial security satisfying the requirements of Article VII of the International Convention on Civil Liability for Oil Pollution Damage, 1969.

Type of Security

Duration of Security

Name and Address of the Insurer(s) and/or Guarantor(s)

Name

Address

This certificate is valid until

Issued or certified by the Government of
(Full designation of the State)

At On
(Place) (Date)

.....
Signature and Title of issuing or certifying official.

Explanatory Notes:

1. If desired, the designation of the State may include a reference to the competent public authority of the country where the certificate is issued.
2. If the total amount of security has been furnished by more than one source, the amount of each of them should be indicated.
3. If security is furnished in several forms, these should be enumerated.
4. The entry "Duration of Security" must stipulate the date on which such security takes effect.

óhöpp verða sem valda, eða geta valdið, olíumengun (hér á eftir kallaður „Samningurinn“);

gera sér grein fyrir því að önnur efni en olía geta valdið mengun;

er það ljóst að takmörkun samningsins við olíu er ekki ætlað að skerða neinn rétt strandrikis til að verjast mengun af völdum einhverra annarra efna;

High Seas in Cases of Oil Pollution Casualties (hereinafter referred to as "the Convention");

NOTING that pollution may be caused by agents other than oil;

RECOGNIZING that the limitation of the Convention to oil is not intended to abridge any right of a coastal State to protect itself against pollution by any other agent;

þar til í gildi gengur alþjóðasamningur um mengun af völdum annarra slíkra efna, eða samningurinn yrði einnig látinn taka til slíkrar mengunar;

leggja til að Alþjóðasiglingamálastofnunin auki starfsemi sína, í samvinnu við allar alþjóðlegar stofnanir sem málið varðar, á öllum sviðum er lúta að mengun af völdum annarra efna en olíu;

leggja enn fremur til að samningsríki sem lenda í mengunarhættu af völdum annarra efna en olíu hafi samvinnu sín á milli, eftir því sem hentar, um að beita ákvæðum samningsins að öllu eða nokkru leyti.

Fylgiskjal D.

ÁLYKTUN UM STOFNUN ALÞJÓÐA-SJÓÐS TIL AÐ BÆTA TJÓN AF VÖLDUM OLÍUMENGUNAR

Alþjóðlega lagaráðstefnan um tjón af völdum olíumengunar sjávar, 1969,

veitir því athygli að alþjóðasamningurinn um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar, 1969, bótt hann mæli fyrir um meginregluna um ófrávíkjanlega ábyrgð og kveður á um skyldutryggingarkerfi eða aðra fjárhagslega tryggingu vegna skipa er flytja umhúðalaus olíu sem farn, veitir ekki í öllum tilvikum fullar skaðabætur þeim til handa er verða fyrir tjóni af völdum olíumengunar,

viðurkennir það sjónarmið sem fram hefur komið á ráðstefnunni að nauðsynlegt er að til komi einhvers konar frekari skipan mála í þessu efni svo sem alþjóðasjóður til þess að tryggja að þeir sem verða fyrir stórfelldu tjóni af völdum olíumengunar eigi kost fullnægjandi skaðabóta,

tekur tillit til skýrslunnar sem lögð var fram af vinnunefndinni sem stofnuð var af allsherjarnefnd II til að rannsaka vandamál varðandi stofnun alþjóðlegs skaðabótasjóðs,

PENDING the entry into force of an international Instrument concerning pollution by such other agents or that there should be an extension of the Convention to such pollution;

RECOMMEND that the Inter-Governmental Maritime Consultative Organization should intensify its work, in collaboration with all interested international organizations, on all aspects of pollution by agents other than oil,

FURTHER RECOMMEND that Contracting States which become involved in a case of pollution danger by agents other than oil co-operate as appropriate in applying wholly or partially the provisions of the Convention.

RESOLUTION ON ESTABLISHMENT OF AN INTERNATIONAL COMPENSATION FUND FOR OIL POLLUTION DAMAGE

The International Legal Conference on Marine Pollution Damage, 1969,

NOTING that the International Convention on Civil Liability for Oil Pollution Damage, 1969, although it lays down the principle of strict liability and provides for a system of compulsory insurance or other financial guarantee for ships carrying oil in bulk as cargo, does not afford full protection for victims in all cases,

RECOGNIZING the view having emerged during the Conference that some form of supplementary scheme in the nature of an international fund is necessary to ensure that adequate compensation will be available for victims of large-scale oil pollution incidents,

TAKING ACCOUNT of the report submitted by the working party set up by the Committee of the Whole II to study the problems relating to the constitution of an international compensation fund,

gerir sér þó grein fyrir því að sá tími sem ráðstefnan hafði til umráða hefur ekki gert það mögulegt fyrir ráðstefnuna að íhuga gaumgæfilega allar hliðar slíkrar skipanar skaðabóta.

fer þess á leit við Alþjóðasiglingamálastofnunina að annast samningu eins fljótt og unnt er, með milligöngu laganefndar sinnar eða annarra viðeigandi laga-stofnana, uppkasts að skipan skaðabóta sem byggist á tilvist alþjóðasjóðs.

telur að slíkt fyrirkomulagsáform um skaðabætur ætti að gera og leggja til grundvallar eftirfarandi meginreglur:

1. Tjónþolar ættu að fá fullnægjandi skaðabætur samkvæmt kerfi sem grundvallast á meginreglu um hlutlæga ábyrgð.
2. Sjóðurinn ætti út frá meginreglu séð að leysa skipseiganda undan þeirri fjárhagslegu viðbótarbyrði sem þessi samningur leggur honum á herðar.

mælist til þess við Alþjóðasiglingamálastofnunina að boða, ekki síðar en árið 1971, til alþjóðlegrar lagaráðstefnu til þess að athuga og taka upp slíkt fyrirkomulag um skaðabætur.

Fylgiskjal E.

ÁLYKTUN VARÐANDI SKÝRSLU VINNUNEFNDAR Í „SJÓÐS“-MÁLINU Ráðstefnan,

hefur veitt athygli skýrslu vinnunefndar í „sjóðs“-málinu, og

mælist til þess við Alþjóðasiglingamálastofnunina að athuga þessa skýrslu í sambandi við frekara starf varðandi „sjóðinn“.

REALIZING, however, that the time available for the Conference has not made it possible to give full consideration to all aspects of such a compensation scheme,

REQUESTS the Inter-Governmental Maritime Consultative Organization to elaborate as soon as possible, through its Legal Committee and other appropriate legal bodies, a draft for a compensation scheme based upon the existence of an international fund,

CONSIDERS that such a compensation scheme should be elaborated taking into account as a foundation the following principles:

1. Victims should be fully and adequately compensated under a system based upon the principle of strict liability.
2. The fund should in principle relieve the shipowner of the additional financial burden imposed by the present Convention.

REQUESTS IMCO to convene, no later than the year 1971, an International Legal Conference for the consideration and adoption of such a compensation scheme.

RESOLUTION ON REPORT OF THE WORKING GROUP ON THE “FUND” The Conference,

HAVING TAKEN note of the report of the Working Group on the “Fund”,

REQUESTS the Inter-Governmental Maritime Consultative Organization to consider this report in connexion with further work with regard to the “Fund”.

Fylgiskjal F.

**ALÞJÓÐASAMNINGUR
UM STOFNUN ALÞJÓÐASJÓÐS TIL
AÐ BÆTA TJÓN AF VÖLDUM
OLÍUMENGUNAR**

(Í framhaldi af alþjóðasamningnum um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar, 1969).

Aðildarríkin að samningi þessum,

sem eru aðilar að alþjóðasamningnum gerðum í Brussel 29. nóvember 1969 um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar,

gera sér grein fyrir mengunarhættunni sem það hefur í för með sér að olía fermd án umbúða er flutt sjóleiðis um allan heim,

eru sannfærð um að þörf er á að tryggja að þeir aðilar sem verða fyrir mengunartjóni vegna leka eða losunar olíu úr skipum eigi kost fullnægjandi skaðabóta.

telja að með alþjóðasamningnum frá 29. nóvember 1969 um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar, sem setur ákveðnar reglur um skaðabætur vegna mengunartjóns í samningsríkjum og um kostnað vegna ráðstafana, hvar sem gerðar eru, til að koma í veg fyrir eða draga sem mest úr þess konar tjóni, sé stigið allstórt spor fram á við í þá átt að ná þessu marki,

telja samt að þær reglur, jafnframt því að leggja frekari fjárhagslegar byrðar á skipaæigendur, veiti ekki í öllum tilvikum fullar skaðabætur þeim til handa er verða fyrir tjóni af völdum olíumengunar,

telja enn fremur að útgerðarfyrirtækin ættu ekki að öllu leyti að bera hinar fjárhagslegu afleiðingar af tjóni sem hlýst af völdum olíumengunar, sakir leka eða losunar olíu sem skip ferma og sigla með án umbúða, heldur að þeir sem hlut eiga að olíuförmunum ættu að bera þær að nokkru leyti,

**INTERNATIONAL CONVENTION
ON THE ESTABLISHMENT OF
AN INTERNATIONAL FUND FOR
COMPENSATION FOR OIL POLLUTION
DAMAGE**

(Supplementary to the International Convention on Civil Liability for Oil Pollution Damage, 1969)

The States Parties to the present Convention,

BEING PARTIES to the International Convention on Civil Liability for Oil Pollution Damage, adopted at Brussels on 29 November 1969,

CONSCIOUS of the dangers of pollution posed by the world-wide maritime carriage of oil in bulk,

CONVINCED of the need to ensure that adequate compensation is available to persons who suffer damage caused by pollution resulting from the escape or discharge of oil from ships,

CONSIDERING that the International Convention of 29 November 1969, on Civil Liability for Oil Pollution Damage, by providing a régime for compensation for pollution damage in Contracting States and for the costs of measures, wherever taken, to prevent or minimize such damage, represents a considerable progress towards the achievement of this aim,

CONSIDERING HOWEVER that this régime does not afford full compensation for victims of oil pollution damage in all cases while it imposes an additional financial burden on shipowners,

CONSIDERING FURTHER that the economic consequences of oil pollution damage resulting from the escape or discharge of oil carried in bulk at sea by ships should not exclusively be borne by the shipping industry but should in part be borne by the oil cargo interests,

eru sannfærð um að þess er þörf að byggja upp skaðabóta- og ábyrgðarbóta-kerfi í framhaldi af alþjóðasamningnum um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar, með það fyrir augum að tryggja að þeir sem verða fyrir tjóni þegar olíumengun á sér stað eigi kost fullra bóta og, um leið, að létta skipa-eigendum þær fjárhagslegu viðbótarbyrðar sem áður nefndur samningur leggur þeim á herðar,

taka tillit til ályktunarinnar um stofnun alþjóðasjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar sem samþykkt var 29. nóvember 1969 af alþjóðlegu lagaráðstefnunni um tjón af völdum olíumengunar sjávar, og

hafa því komið sér saman um eftirfarandi:

Almenn ákvæði.

1. gr.

Í þessum samningi

1. merkir „ábyrgðarsamningurinn“ alþjóðasamninginn um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar sem gerður var í Brussel 29. nóvember 1969.

2. „Skip“, „aðili“, „eigandi“, „olía“, „mengunartjón“, „ráðstafanir til að koma í veg fyrir tjón“, „atburður“ og „Stofnunin“ hafa sömu merkingu og í 1. gr. ábyrgðarsamningsins, en bó með því fororði að „olía“, í sambandi við þessi hugtök, skal einvörðungu taka til þrávirkrar kolvatnsefna-jarðolíu.

3. „Gjaldskyld olía“ merkir hráolíu og brennsluolíu samkvæmt skilgreiningu í staflíðum a) og b) hér á eftir:

a) „Hráolía“ merkir hvers konar fljótandi blöndu af kolvatnsefnum sem fyrirfinnst í jörðinni frá náttúrunnar hendi, hvort eð hún hefur verið meðhöndluð til þess að gera hana hentuga til flutnings eða ekki. Það nær einnig til hráolíutegunda sem ákveðin eimi hafa verið fjarlægð úr (stundum kallaðar „topped crudes“). eða sem ákveðnum eimum hefur verið bætt í (stundum kallaðar „spiked“ eða „reconstituted“ hráolíur).

b) „Brennsluolía“ merkir þykk eimi eða soraefni úr hráolíu, eða blöndur úr

CONVINCED of the need to elaborate a compensation and indemnification system supplementary to the International Convention on Civil Liability for oil Pollution Damage with a view to ensuring that full compensation will be available to victims of oil pollution incidents and that the shipowners are at the same time given relief in respect of the additional financial burdens imposed on them by the said Convention,

TAKING NOTE of the Resolution on the Establishment of an International Compensation Fund for Oil Pollution Damage which was adopted on 29 November 1969 by the International Legal Conference on Marine Pollution Damage,

HAVE AGREED as follows:

General Provisions

Article 1

For the purposes of this Convention:

1. “Liability Convention” means the International Convention on Civil Liability for Oil Pollution Damage, adopted at Brussels on 29 November 1969.

2. “Ship”, “Person”, “Owner”, “Oil”, “Pollution Damage”, “Preventive Measures”, “Incident” and “Organization”, have the same meaning as in Article I of the Liability Convention, provided however that, for the purposes of these terms, “oil” shall be confined to persistent hydrocarbon mineral oils.

3. “Contributing Oil” means crude oil and fuel oil as defined in sub-paragraphs (a) and (b) below:

(a) “Crude Oil” means any liquid hydrocarbon mixture occurring naturally in the earth whether or not treated to render it suitable for transportation. It also includes crude oils from which certain distillate fractions have been removed (sometimes referred to as “topped crudes”) or to which certain distillate fractions have been added (sometimes referred to as “spiked” or “reconstituted” crudes).

(b) “Fuel Oil” means heavy distillates or residues from crude oil or blends

slíkum efnum, sem ætlað er til notkunar sem eldsneyti til framleiðslu hita eða orku og um eiginleika svarar til staðalkröfu „American Society for Testing Materials“ fyrir brennsluolíu nr. 4 (Auðkenni D 396-69) eða þykkri.

4. „Franki“ merkir eininguna sem nefnd er í 9. mgr. 5. gr. ábyrgðarsamningsins.

5. „Rúmlastatal skips“ hefur sömu merkingu og í 10. mgr. 5. gr. ábyrgðarsamningsins.

6. „Tonn“ í sambandi við olíu merkir þúsund kílógrömm.

7. „Ábyrgðarmaður“ merkir sérhvern aðila er sér fyrir váttryggingu eða annarri fjárhagslegri tryggingu til að mæta ábyrgð eiganda samkvæmt 1. mgr. 7. gr. ábyrgðarsamningsins.

8. „Birgðastöð“ merkir sérhvern stað til geymslu á olíu án umbúða sem getur tekið á móti olíu úr fljóttandi flutningatækjum, þar með talinn sérhver búnaður sem staðsettur er undan ströndu og tengdur við þess konar stað.

9. Þegar um það er að ræða að ákvarða dagsetningu atburðar og atburðurinn samanstendur af röð atvika, skal líta svo á að atburðurinn hafi átt sér stað þann dag er fyrsta atvikið kom fyrir.

2. gr.

1. Alþjóðasjóður til þess að bæta mengunartjón, sem kallist „The International Oil Pollution Compensation Fund“ og hér á eftir nefnist „sjóðurinn“, er hér með stofnaður með eftirfarandi markmiðum:

- a) að veita skaðabætur vegna mengunartjóns að því marki sem trygging sú er ábyrgðarsamningurinn veitir er ófullnægjandi;
 - b) að létta skipaeigendum þær fjárhagslegu viðbótarbyrðar sem ábyrgðarsamningurinn leggur þeim á herðar, að því tilskildu að það sé bundið skilmálum sem miða að því að tryggja að breytt verði eftir samþykktum um öryggi á sjó og öðrum samþykktum;
 - c) að framkvæma skyldar fyrirætlanir sem frá greinir í þessum samningi.
2. Í hverju samningsríki skal sjóðurinn viðurkenndur sem persóna að lögum með

of such materials intended for use as a fuel for the production of heat or power of a quality equivalent to the “American Society for Testing and Materials’ Specification for Number Four Fuel Oil (Designation D 396-69)”, or heavier.

4. “Franc” means the unit referred to in Article V, paragraph 9 of the Liability Convention.

5. “Ship’s tonnage” has the same meaning as in Article V, paragraph 10, of the Liability Convention.

6. “Ton”, in relation to oil, means a metric ton.

7. “Guarantor” means any person providing insurance or other financial security to cover an owner’s liability in pursuance of Article VII, paragraph 1, of the Liability Convention.

8. “Terminal Installation” means any site for the storage of oil in bulk which is capable of receiving oil from waterborne transportation, including any facility situated off-shore and linked to such site.

9. Where an incident consists of a series of occurrences, it shall be treated as having occurred on the date of the first such occurrence.

Article 2

1. An International Fund for compensation for pollution damage, to be named “The International Oil Pollution Compensation Fund” and hereinafter referred to as “The Fund”, is hereby established with the following aims:

- (a) to provide compensation for pollution damage to the extent that the protection afforded by the Liability Convention is inadequate;
 - (b) to give relief to shipowners in respect of the additional financial burden imposed on them by the Liability Convention, such relief being subject to conditions designed to ensure compliance with safety at sea and other conventions;
 - (c) to give effect to the related purposes set out in this Convention.
2. The Fund shall in each Contracting State be recognized as a legal person

hæfi að lögum þess ríkis til að takast á hendur réttindi og skyldur og vera aðili að málaferlum fyrir dómstólum ríkisins. Hvert samningsríki skal viðurkenna forstjóra sjóðsins (hér á eftir nefndur „forstjórinn“) sem löglegan umboðsmann sjóðsins.

3. gr.

Þessi samningur skal taka:

1. að því er varðar skaðabætur samkvæmt 4. gr., eingöngu til mengunartjóns sem hlýst innan landsvæðis samningsríkis að meðtalinni landhelgi þess, og til ráðstafana sem gerðar eru til að koma í veg fyrir eða draga sem mest úr slíku tjóni.
2. að því er varðar ábyrgðarbætur til handa skipaeigendum og ábyrgðarmönnum þeirra samkvæmt 5. gr., eingöngu til mengunartjóns sem hlýst innan landsvæðis að meðtalinni landhelgi ríkis sem er aðili að ábyrgðarsamningnum, af völdum skips sem skráð er í samningsríki eða siglir undir fána þess, og til ráðstafana sem gerðar eru til að koma í veg fyrir eða draga sem mest úr slíku tjóni.

Skaðabætur og ábyrgðarbætur.

4. gr.

1. Til að rækja hlutverk sitt samkvæmt 2. gr., mgr. 1(a), skal sjóðurinn greiða skaðabætur sérhverjum aðila er verður fyrir mengunartjóni, ef slíkur aðili hefur ekki getað fengið fullnægjandi bætur fyrir tjónið eftir ákvæðum ábyrgðarsamningsins,
- a) sökum þess að um enga ábyrgð vegna tjónsins er að ræða samkvæmt ábyrgðarsamningnum;
 - b) sökum þess að eigandinn sem ábyrgð ber vegna tjónsins samkvæmt ábyrgðarsamningnum hefur ekki fjárhagslega getu til þess að standa að fullu við sínar skuldbindingar og sérhver fjárhagsleg trygging sem sett kann að hafa verið samkvæmt 7. gr. þess samnings nær ekki til tjónsins ellegar næsir ekki til þess að mæta að fullu þeim kröfum sem gerðar eru til skaðabóta vegna tjónsins; eigandi er þá talinn ekki hafa fjárhagslega getu til þess

capable under the laws of that State of assuming rights and obligations and of being a party in legal proceedings before the courts of that State. Each Contracting State shall recognize the Director of the Fund (hereinafter referred to as “The Director”) as the legal representative of the Fund.

Article 3

This Convention shall apply:

1. With regard to compensation according to Article 4, exclusively to pollution damage caused on the territory including the territorial sea of a Contracting State, and to preventive measures taken to prevent or minimize such damage;
2. With regard to indemnification of shipowners and their guarantors according to Article 5, exclusively in respect of pollution damage caused on the territory, including the territorial sea, of a State Party to the Liability Convention by a ship registered in or flying the flag of a Contracting State and in respect of preventive measures taken to prevent or minimize such damage.

Compensation and indemnification

Article 4

1. For the purpose of fulfilling its function under Article 2, paragraph 1(a), the Fund shall pay compensation to any person suffering pollution damage if such person has been unable to obtain full and adequate compensation for the damage under the terms of the Liability Convention,
- (a) because no liability for the damage arises under the Liability Convention;
 - (b) because the owner liable for the damage under the Liability Convention is financially incapable of meeting his obligations in full and any financial security that may be provided under Article VII of that Convention does not cover or is insufficient to satisfy the claims for compensation for the damage; an owner being treated as financially incapable of meeting his obligations and a financial security being treated

að standa við skuldbindingar sínar og fjárhagsleg trygging ekki talin vera nægjanleg, ef sá aðili sem fyrir tjóninu verður hefur ekki getað fengið full skil á þeirri upphæð skaðabóta sem honum ber samkvæmt ábyrgðarsamningnum, eftir að hafa gert allar ráðstafanir sem með sanngirni má krefjast til að ná rétti sínum eftir leiðum sem honum eru opnar samkvæmt lögum;

- c) sökum þess að tjónið er meira en ábyrgð eiganda nemur samkvæmt ábyrgðarsamningnum, eins og hún er takmörkuð eftir ákvæðum 1. mgr. 5. gr. þess samnings, eða samkvæmt ákvæðum einhvers annars alþjóðasamnings sem í gildi er, heimilt að undirrita, fullgilda eða gerast aðili að á dagsetningardegi þessa samnings.

Sanngjarn kostnaður sem eigandi hefur tekið á sig, eða það sem hann af eigin hvötum hefur lagt í sölurnar til að koma í veg fyrir eða draga sem mest úr mengunartjóni og sanngirni mælir með, skal skoðast sem mengunartjón hvað þessari grein viðvíkur.

2. Sjóðurinn skal ekki baka sér neina skuldbindingu samkvæmt undanfarandi málsgrein, ef:

- a) hann sannar að mengunartjónið var afleiðing af hernaðaraðgerð, ófriði, borgarastyríöld eða uppreisn, eða hlaut af olju sem lak eða var losuð úr herskipi eða öðru skipi sem ríki á eða rekur og notað var þá er atburðurinn gerðist eingöngu í þjónustu ríkisvalds, við störf sem ekki flokkast undir verslunarviðskipti; eða

- b) sá sem kröfu gerir getur ekki sannað að tjónið hafi verið afleiðing atburðar sem eitt eða fleiri skip áttu hlut að.

3. Ef sjóðurinn færir sönnur á að mengunartjónið hafi að öllu eða nokkru leyti verið afleiðing annaðhvort af verknaði eða vanrækslu í þeim tilgangi gert að valda tjóni af hálfu þess aðila sem fyrir tjóninu varð ellegar af skeytingarlevsi þess aðila, má leysa sjóðinn að öllu eða nokkru leyti undan skyldu hans til að greiða slíkum aðila skaðabætur, en hó svo að eigi skal þannig leyst undan skyldu að því er varðar slíkar ráðstafanir sem

as insufficient if the person suffering the damage has been unable to obtain full satisfaction of the amount of compensation due under the Liability Convention after having taken all reasonable steps to pursue the legal remedies available to him;

- (c) because the damage exceeds the owner's liability under the Liability Convention as limited pursuant to Article V, paragraph 1, of that Convention or under the terms of any other international Convention in force or open for signature, ratification or accession at the date of this Convention.

Expenses reasonably incurred or sacrifices reasonably made by the owner voluntarily to prevent or minimize pollution damage shall be treated as pollution damage for the purposes of this Article.

2. The Fund shall incur no obligation under the preceding paragraph if:

- (a) it proves that the pollution damage resulted from an act of war, hostilities, civil war or insurrection or was caused by oil which has escaped or been discharged from a warship or other ship owned or operated by a State and used, at the time of the incident, only on Government non-commercial service; or

- (b) the claimant cannot prove that the damage resulted from an incident involving one or more ships.

3. If the Fund proves that the pollution damage resulted wholly or partially either from an act or omission done with intent to cause damage by the person who suffered the damage or from the negligence of that person, the Fund may be exonerated wholly or partially from its obligation to pay compensation to such person provided, however, that there shall be no such exoneration with regard to such preventive measures which are com-

gerðar eru til að koma í veg fyrir tjón og bættar eru samkvæmt 1. mgr. Sjóðurinn skal í öllum tilvikum vera leystur úr ábyrgð að því marki sem skipseigandi kann að hafa verið leystur undan ábyrgð samkvæmt 3. mgr. 3. gr. ábyrgðarsamningsins.

4. a) Með undantekningu að því leyti sem öðruvísi er kveðið á í staflið b) þessarar málsgreinar, skal heildarupphæð þeirra skaðabóta sem sjóðnum ber að greiða samkvæmt þessari grein vegna hvers einstaks atburðar vera takmörkunum bundin, þannig að summa þeirrar upphæðar og skaðabótaupphæðar þeirrar sem raunverulega er greidd skv. ábyrgðarsamningnum vegna mengunartjóns er hlotist hefur innan landsvæðis samningsríkjanna, að meðtöldum sérhverjum þeim upphæðum sem hafa í för með sér bótaskyldu af hálfu sjóðsins gagnvart eigandanum samkvæmt 1. mgr. 5. gr. þessa samnings, skal eigi fara fram úr 450 milljónum franka.

b) Heildarupphæð þeirra skaðabóta sem sjóðnum ber að greiða samkvæmt þessari grein vegna mengunartjóns sem hlýst af náttúruhamförum sem eru þess eðlis að þau heyra til undantekninga, eigi verða umflúin og eigi viðnám veitt, skal ekki fara fram úr 450 milljónum franka.

5. Nú fer upphæð lögmætra krafna á hendur sjóðnum fram úr þeirri heildarupphæð skaðabóta sem greiða ber samkvæmt 4. mgr., og skal þá skipta þeirri upphæð sem til útborgunar er þannig að hlutfallið milli hvernar lögmætrar kröfu og skaðabótaupphæðarinnar sem kröfuhafi raunverulega fær samkvæmt ábyrgðarsamningnum og þessum samningi sé hið sama fyrir alla kröfuhafa.

6. Þingi sjóðsins (hér á eftir nefnt „þingið“) er heimilt að ákveða, með tilliti til reynslu sem byggist á atburðum sem gerst hafa og sér í lagi því hve mikið tjón hefur af þeim hlotist, og til breytinga á verðgildi peninga, að upphæðinni, 450 milljónum franka sem um getur í 4. mgr., stafliðum a) og b), skuli breytt, þó að

compensated under paragraph 1. The Fund shall in any event be exonerated to the extent that the shipowner may have been exonerated under Article III, paragraph 3, of the Liability Convention.

4. (a) Except as otherwise provided in sub-paragraph (b) of this paragraph, the aggregate amount of compensation payable by the Fund under this Article shall in respect of any one incident be limited, so that the total sum of that amount and the amount of compensation actually paid under the Liability Convention for pollution damage caused in the territory of the Contracting States, including any sums in respect of which the Fund is under an obligation to indemnify the owner pursuant to Article 5, paragraph 1, of this Convention, shall not exceed 450 million francs.

(b) The aggregate amount of compensation payable by the Fund under this Article for pollution damage resulting from a natural phenomenon of an exceptional, inevitable and irresistible character shall not exceed 450 million francs.

5. Where the amount of established claims against the Fund exceeds the aggregate amount of compensation payable under paragraph 4, the amount available shall be distributed in such a manner that the proportion between any established claim and the amount of compensation actually recovered by the claimant under the Liability Convention and this Convention shall be the same for all claimants.

6. The Assembly of the Fund (hereinafter referred to as “the Assembly”) may, having regard to the experience of incidents which have occurred and in particular the amount of damage resulting therefrom and to changes in the monetary values, decide that the amount of 450 million francs referred to in paragraph 4,

því áskildu að þessi upphæð skal í engu tilviki fara fram úr 900 milljónum franka né heldur vera lægri en 450 milljónir franka. Upphæðin breytt skal gilda að því er varðar atburði sem eiga sér stað eftir þann dag sem ákvörðunin um breytinguna er tekin.

7. Sjóðurinn skal, að beiðni samningsríkis, hlutast til um það, eftir því sem nauðsyn ber til, að aðstoða það ríki við að útvega án tafar starfslið það, efni og þjónustu sem nauðsynlegt er til þess að gera ríkinu fært að hefjast handa um aðgerðir til að koma í veg fyrir eða draga úr mengunartjóni er hlýst af atburði sem getur leitt til þess að skaðabótakrafa verði gerð á hendur sjóðnum samkvæmt þessum samningi.

8. Sjóðnum er heimilt, með skilyrðum sem setja skal í reglugerð hans, að veita lánaþyrirgreiðslu í því augnamiði að gerðar verði ráðstafanir til að koma í veg fyrir að mengunartjón hljótist af einhverjum sérstökum atburði sem getur leitt til þess að skaðabótakrafa verði gerð á hendur sjóðnum samkvæmt þessum samningi.

5. gr.

1. Í þeim tilgangi að inna af hendi sitt ætlunarverk í samræmi við 2. gr., mgr. 1(b), skal sjóðurinn vera bótaskyldur gagnvart eiganda og ábyrgðarmanni hans fyrir þeim hluta heildarupphæðar ábyrgðar samkvæmt ábyrgðarsamningnum sem:

- a) er fram yfir upphæð sem jafngildir 1500 frönkum fyrir hverja rúmlest rúmlestatals skipsins, eða upphæð sem nemur 125 milljónum franka, hvor upphæðin sem lægri er, og
- b) er ekki fram yfir upphæð sem jafngildir 2000 frönkum fyrir hverja rúmlest áðurnefnds rúmlestatals, eða upphæð sem nemur 210 milljónum franka, hvor upphæðin sem lægri er,

þó með þeim fyrirvara að sjóðurinn skal ekki baka sér neina skyldu samkvæmt þessari málsgrein í tilviki þar sem mengunartjónið var afleiðing af vísitandi röngu atferli eigandans sjálfs.

2. Þinginu er heimilt að ákveða að sjóðurinn skuli, með þeim skilyrðum sem setja skal í reglugerð hans, undirgangast skuldbindingar ábyrgðarmanns vegna skipa sem um getur í 2. mgr. 3. gr., hvað

sub-paragraphs (a) and (b), shall be changed; provided, however, that this amount shall in no case exceed 900 million francs or be lower than 450 million francs. The changed amount shall apply to incidents which occur after the date of the decision effecting the change.

7. The Fund shall, at the request of a Contracting State, use its good offices as necessary to assist that State to secure promptly such personnel, material and services as are necessary to enable the State to take measures to prevent or mitigate pollution damage arising from an incident in respect of which the Fund may be called upon to pay compensation under this Convention.

8. The Fund may on conditions to be laid down in the Internal Regulations provide credit facilities with a view to the taking of preventive measures against pollution damage arising from a particular incident in respect of which the Fund may be called upon to pay compensation under this Convention.

Article 5

1. For the purpose of fulfilling its function under Article 2, paragraph 1(b), the Fund shall indemnify the owner and his guarantor for that portion of the aggregate amount of liability under the Liability Convention which:

- (a) is in excess of an amount equivalent to 1,500 francs for each ton of the ship's tonnage or of an amount of 125 million francs, whichever is the less, and
- (b) is not in excess of an amount equivalent to 2,000 francs for each ton of the said tonnage or an amount of 210 million francs, whichever is the less,

provided, however, that the Fund shall incur no obligation under this paragraph where the pollution damage resulted from the wilful misconduct of the owner himself.

2. The Assembly may decide that the Fund shall, on conditions to be laid down in the Internal Regulations, assume the obligations of a guarantor in respect of ships referred to in Article 3, paragraph

